

Silfrið góða

Við fjörðinn umlukinn fjallagjörð
fólkið til vinnu streymdi.
Silfur hafsins við Siglufjörð
söltunarstúlkunum dreymdi.

Peningalyktin um plássið streymdi
á plönunum stúlkurnar unnu.
Skipalestin er síldina geymdi
stöðugt inn fjörðinn runnu.

Svo hvarf eitt sumarið silfrið góða
með söknuði, tapi og trega.
Yfir þorpið lagðist þögn og móða
Því síldin hvarf svo algjörlega.